



22140101



ICELANDIC A: LITERATURE – HIGHER LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A : LITTÉRATURE – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A: LITERATURA – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1

Friday 9 May 2014 (morning)

Vendredi 9 mai 2014 (matin)

Viernes 9 de mayo de 2014 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a literary commentary on one passage only.
- The maximum mark for this examination paper is *[20 marks]*.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire littéraire sur un seul des passages.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[20 points]*.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario literario sobre un solo pasaje.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[20 puntos]*.

*Skrifaðu bókmenntagreiningu um **annan** af eftirfarandi textum:*

1.

Fortíðin veldur mér ekki lengur hjartasorg. Ekki eins og hún gerði. Það er langt því frá. Maður fær sigg á hjartað. Hygg ég. Svo tekur það alveg yfir. Siggíð. Þar til pumpan er að mestu leyti orðin að seigum klumpi. Þá slær það ekki lengur og maður deyr. Ég hef þann skilning á hjartanu. Hvað fortíðinni viðkemur lýgur hún. Það er ekki þar með sagt að hún sé lygi.

5 Hún hefur ekki þann ásetning. Nei, hana langar bara að fylgja okkur. En til þess að hún megi gera það verðum við að ná við hana einhverju samkomulagi. Sameiginlegum skilningi. Jafnvel reglu. Hún brýtur þær auðvitað eins og ekkert sé. Sumir eiga sér þannig fortíð að á endanum gefast þeir upp á því að hafa hana í eftirdragi og hreinlega hætta að vera til.

Ég velti þessu fyrir mér. Þegar ég sit hér á fremsta kirkjubekknunum í gömlu kirkjunni og virði fyrir mér líkkistuna hans bróður míns. Hans Tómasar. Mæni meira að segja út undan mér til að sjá hvort ég komi auga á fortíðina hans. Í öllu falli einhverja fylgju. Litla systir mín var sérstök. Hún var falleg á sinn sérstaka hátt en það er ekki til mynd af henni. Ekki ljósmynd eða teikning. Fyrir utan þá sem er í huga mér. En hún er auðvitað engu lík. Það er búið að skola hana upp úr hugsunum heillar mannsævi. Minnar. Í hugskoti sem hefur séð fylli sína reynist mér sífellt

15 erfiðara að rifja hana upp. Hún er í móðu eins og svo margt annað sem ég hef gleymt, hvort sem ég kæri mig um það eður ei. Ég man ekki hver það var af dýrlingunum, þeir eru svo margir, sem vakti máls á spurningunni hvernig maður myndi þekkja aftur ástvini sína á efsta degi. Var nokkur leið til að vita hvaða mynd þeir tækju á sig í framhaldslífinu? Ég myndi þekkja systur mína umsvifalaust. Án þess að vita lengur hvernig hún lítur út. Líkami minn man lítinn líkama hennar og hvernig

20 hann skalf í fanginu á mér. Ég man útstæða bringu hennar, stórt og dálítið afmyndað höfuð hennar. Granna handleggina sem læstu sig utan um hálsinn á mér og kræklótta fingurna sem hún kreppti í kaldri nóttinni í Dimmuvík.

*

Ég sé pabba fyrir mér. Ég á auðvelt með það. Ég sé hann fyrir mér eins og ég sé hann fyrir mér. Myndin af honum þarf ekkert endilega að vera rétt. Ég sé fyrir mér vangasvip hans

25 og lítil augun. Ég sér fyrir mér innfallnar kinnar hans. Lófa hans eins og stóra spaða á grönnum, sinaberum höndunum. Þannig sé ég hann. Núna. Og ég sé hann fyrir mér þar sem hann stendur inni í litla fjárhúsinu sem er sennilega byggt á rústum gamals torfbæjar eða verbúðar. Það er bara á einum punkti, á einum stað þar sem fullorðinn maður getur staðið uppréttur inni í fjárhúsinu. Innst í horninu. Þar stendur hann og starir inn í vegginn. Hann er allblóðugur og gefur frá sér lágt

30 og hvæsandi ýlfur. Sem sker í eyrun. Kannski er hann að gráta en ef hann grætur er það í fyrsta skipti sem ég heyri hann gera það. Í fyrsta skipti sem einhver annar heyrir grát í Dimmuvík, annar en sá sem grætur sjálfur. Víkin er nefnilega þannig að maður heyrir ekki grát annarra. Sumir staðir eru þannig. Hafa sína sérvisku. Sums staðar rignir eiginlega alltaf. Þrátt fyrir að það sé sól annars staðar. Sums staðar er alltaf logn. Það má bara ganga að því sem vísu. Þetta vita allir en

35 enginn talar neitt sérstaklega um það. Litla systir mín grætur aldrei svo að ég heyri. Og ég er næstum því með henni allan sólarhringinn. Það er eiginlega bara þegar ég er sofandi sem ég lít af henni. En þá er hún alltaf sofnuð. Ekki grætur hún í svefni. Ég hef ekki orðið vör við það að minnsta kosti. Og ekki grætur hún þegar hún dettur og meiðir sig. Nei, það er enginn grátur í Grimmuvík.

Ekki pláss fyrir hann. Of margt annað að gera. Kannski er það eiginlega ekki hægt. Gráturinn
40 hans pabba er þannig. Hljóðið sem hann gefur frá sér er ekki af þessum heimi. Sem samanstendur
af fjörunni, dálitlum túnbletti í kringum bæinn, hrauninu og fjallinu fyrir ofan okkur. Svo er
pabbi líka svo stjarfur í framan og eitthvað svo dofinn allur að það er eins og eitthvað annað eigi
grátinn hans. Ekki hann sjálfur. Líkt og hann streymi út úr honum fyrir tilstilli einhvers annars.
45 Eins og hann sé lúður eða flauta. Að raddbönd hans framkalli þetta hljóð sem kemur út úr honum
í óþökk hans. Eins og hiksta. Ég læðist aftur út úr fjárhúsinu og vona að hann hafi ekki orðið
mín var.

Jón Atli Jónasson, *Börnin í Dimmuvík* (2013)

2.

Bolti

Mig langar svo mikið
að opna á þér magann
og fylla þig af dóti
alls konar dóti
5 samt ekki of stóru
bara litlu sem kemst.

Ég set í þig tannbursta
túrtappa og teskeið
krumpaða miða
10 með krassi og kroti
munnhörpu í d-dúr
og perlur úr plasti
pinna og nælur
og greiðu sem glansar
15 gulllitað armband
og einn lítinn bolta
einn lítinn bolta
sem minnir á haus.

Ég treð þessu í þig
20 og loka þér aftur
með saumnál og tvinna
og svo ferðu út
og krakkar á götunni
benda og hlæja
25 óléttur maður
þau hrópa og kalla
en þú kemur aftur
með dropa í augunum
bíddu, ég segi
30 og sæki okkur hníf.

Svo opna ég magann
og tíni fram dótið
og út kemur bolti
með starandi augu
35 hann skoppar á gólfinu
og rúllar í burtu
einn lítill bolti
sem minnir á haus.

Þórdís Björnsdóttir, *Ást og appelsínur* (2004)